

Föstudaginn 21. janúar 1949.

Nr. 10/1948. **Sigurður Grímsson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Verkamannafélagsins Þórs (Enginn.)

Krafa um félagsréttindi í verklýðsfélagi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 21. sept. f. á., af Sigurði Grímssyni, verkamanni á Selfossi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs á

Selfossi. Dómkröfur stefnanda eru þær, að honum verði dæmd full og óskert félagsréttindi í verkamannafélaginu Þór á Selfossi frá og með 15. sept. 1948, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Er mál þetta var þingfest, var þing sótt af hálfu stefnda. Fékk hann þá frest og lagði síðan fram greinargerð af sinni hálfu, og fengu aðiljar þá sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. En áður en henni væri lokið, eða í þinghaldi 25. nóv. s.l., var ekki sótt þing af hálfu stefnda. Fékk umboðsmaður stefnanda þá frest, til þess að stefnandi gæti komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslu. Að því loknu lagði stefnandi fram sókn og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu hans.

Stefnandi máls þessa er búsettur á Selfossi og hefur átt þar heima s. l. þrjú ár. Allan þann tíma hefur hann unnið að trésmíðum. Fyrst við að byggja sér sjálfum hús, en síðan að staðaldri við smíðar á yfirbyggingum bifreiða á verkstæði Kaupfélags Árnesinga. Hjá kaupfélaginu fær stefnandi svokallað „gervismiðakaup“. Er það herra en venjulegt verkamannakaup, en lægra en kaup það, er iðnlærðir menn fá. Hann hefur ekki stundað iðnaðarnám eða öðlæzt nein iðnréttindi, og ekki notið annarrar fræðslu í skólum en barnaskólafræðslu.

Hinn 15. sept. s.l. var haldinn fundur í verkamannafélaginu Þór á Selfossi. Kom stefnandi á fund þenna til þess að fá inngöngu í félagið, en hann hafði nokkru fyrir fundinn afhent einum stjórnarnefndarmanni félagsins inntökubeiðni sína. Beiðni hans var þó ekki borin upp á fundi þessum, og fékk hann ekki að taka þátt í fundarstörfum. Viku síðar höfðaði hann mál þetta. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938 eigi hann sem verkamaður kröfu til þess að verða félagsmaður, og hafi félagið gerzt brotlegt við nefnda grein með því að neita honum um inngöngu.

Í greinargerð sinni byggði stefndi sýknukröfu sína á því, að verkamannafélagið Þór sé aðeins stofnað til hagsbóta fyrir þá menn, sem stundi almenna verkamannavinnu, og sé því af þeim sökum aðeins skylt að veita þeim mönnum inngöngu,

er vinni í þeirri starfsgrein. Þetta geri stefnandi ekki, þar sem hann stundi aðra vinnu. Eigi hann því ekki rétt til inngöngu í félagið og sé engin heimild fyrir hendi til þess að dæma honum félagsréttindi. Mótmælti stefndi því sérstaklega að stefnanda yrðu dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Samkvæmt 2. gr. samþykka verkamannafélagsins Þórs, er tilgangur félagsins sá, „að efla og styðja að hag og menningu alþýðunnar á því svæði, sem félagið nær yfir, aðallega með því að ákveða kaupgjald og vinnutíma,“ svo og að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara fyrir alþýðu landsins.“ Í 3. gr. segir, að um inngöngu í félagið geti sótt „sérhver sjómaður, verkamaður og verkakona,“ ef hann eða hún er fullra 16 ára að aldri og fær til allrar algengrar erfiðisvinnu. Þegar virt eru þessi ákvæði samþykktanna annars vegar og hins vegar það starf stefnanda, sem að framan er greint, verður að telja, að það sé þess eðlis og hagir hans með þeim hætti, að hann sé í flokki þess fólks, sem samkvæmt framangreindum ákvæðum samþykka félagsins á rétt til inngöngu í það. Synjun forráðamanna verkamannafélagsins Þórs um að veita stefnanda inngöngu í félagið, er því andstæð ákvæðum 1. másl. 2. gr. laga nr. 80/1938 og er stefnda skylt að veita stefnanda full og óskert félagsréttindi. En ekki eru efni til að taka til greina kröfu hans um það, að honum verði dæmd félagsréttindi frá og með 15. sept. s.l.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefnda, verkamannafélaginu Þór á Selfossi, er skylt að veita stefnanda, Sigurði Grímssyni, full og óskert félagsréttindi.

Stefndi greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Sannað er í málinu, að meðan stefnandi starfar sem trésmiður við yfir-

byggingu bifreiða á bifreiðaverkstæði hefur hann ekki fjárhagslega hagsmuni af því að vera félagsmaður í verkamannafélaginu Þór, þar eð samningar um kaup og kjör trésmiða falla ekki innan starfssviðs þess. Ber því að sýkna stefnda. Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð mitt verður því svo:

Stefndi, Alpýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þórs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Grímssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.